



# Jöklafrannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 19

Október 1987

### HAUSTFUNDUR

Haustfundur verður haldinn að Hótel Lind,  
Rauðarárstíg (áður Hótel Hof), miðvikudaginn  
28. október 1987, kl. 20:30

#### Dagskrá:

1. Sumarferð um Lónsöræfi. Pétur Þorleifsson sýnir myndir og segir frá.
2. Kaffi
3. Grímsvatnaskáli II. Jón Ísdal segir frá byggingu og flutningi skálans á Grímsfjall í vor.

Á R S H Á T Í Ð S J Á B A K S Í Ð U .

## JÖKULHEIMAFERÐIN

Jökulheimaferðin var að þessu sinni farin helgina 11-13. september. Lagt var af stað kl 20 frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og komið í Jökulheima um klukkan eitt í strekkings vindi og sandbyl. Morguninn eftir var veðrið eins og var þá farið í mælingu inn að Tungnárjökli. Hluti hópsins ætlaði þó í lengri göngu, þ.e. að ganga eftir jöklinum niður að Langasjó. Þegar komið var inn að Jökli var vindurinn það mikill og mikill sandbylur að snúið var við. Komið var snemma til baka í skálann. Mælingamenn komust að því að engin breyting hafði orðið á jöklinum síðasta árið. Um kvöldið var glatt á hjalla og mikið sungið. Á sunnudeginum var ráðgert að aka um Veiðivötn á leið til byggða, en vegna sandfoks var horfið frá því en þess í stað ekið niður Landssveit með viðkomu í skógarlundinum í Lambhaga. Þátttakendur voru 24.

## ÁRGJALD 1987

Árgjald fyrir árið 1987 hefur verið ákveðið 1150 kr. Fjölskyldufélagar greiða 400 kr. Gíróseðlar verða sendir út á næstunni. Uppgjör frá síðasta ári hefur gengið frekar illa. Alltaf er stór hópur sem ekki stendur í skilum. Eftir að Jökull kom út var þeim sem ekki höfðu greitt árgjald 1986 sent ritið í póströfu. Það var tekið fram að óútleyst póstkrafa jafngilti úrsögn. Þetta er því síðasta fréttabréf sem þeir fá sem ekki leystu út póströfuna.

## GAMLAR GESTABÆKUR

Síðan félagið tók á leigu geymsluhúsnæði að Bakkagerði 9 hefur verið unnið að því að koma eigum félagsins á einn stað. Allur lager Jökuls er nú í þessu húsnæði og hefur verið gengið þannig frá birgðum að auðvelt er að afgreiða þau hefti sem til eru. Ýmsar aðrar eigur félagsins eru enn í vörslu einstaklinga og ekki komnar á réttan stað. Erfitt hefur verið að hafa upp á öllu og ekki er vitað hvar sumt er niður komið. Það má nefna að gamlar

gestabækur úr skálum félagsins eru á flækingi t.d gestabækur frá 1973-1982 úr gamla Jökulheimaskálanum og nýja skálanum frá 1968-1978. Seinni bókin var ljósrituð fyrir nokkrum árum og er ekki vitað hvað varð um frumritið eftir það. Þeir sem hafa undir höndum einhverjar eigur sem tilheyra félaginu, gestabækur, myndir úr myndasafni eða annað, eru beðnir að hafa samband við einhvern úr stjórninni.

## HAUSTFUNDUR

Efni haustfundarins verður að þessu sinni með léttu yfirbragði. Pétur Þorleifsson mun sýna myndir frá sumarferð um Lónsöræfi, einu fegursta og erfiðasta göngusvæði landsins. Ferðin var farin sumarið 1982. Var lagt af stað frá Hoffelli og gengið inn Hoffellsdal þaðan yfir Skyndidal, upp Múlaheiði utan í Sauðhamarstindi og þaðan niður að Jökulsá við Illakamb. Þaðan var haldið áfram um Kollumúla, Víðidal og yfir í Geithellnadal.

Síðari hluta fundarins verður helgaður nýja Grímsvatnaskálanum. Jón Ísdal mun segja frá byggingunni í máli og myndum og flutningi skálans á Grímsfjall í síðustu vorferð félagsins. Öll sú ferð gekk með eindæmum vel eins og skýrt var frá í síðasta fréttabréfi.

## ÁRHÁTÍÐ

Eins og fram kemur í auglýsingu aftan á fréttabréfinu verður árshátíð félagsins haldin laugardaginn 7. nóvember að þessu sinni í hinu stórglæsilega veitingahúsi, Norðurljós, sem er til húsa við Þörskaffi. Skemmtinefnd skipuð Erlu Engilbertsdóttur, Jórúnni Garðarsdóttur, Jóni Sveinssyni og Halldóri Ólafssyni (yngri) vinnur að undirbúningi hátíðarinnar. Nefndin verst allra fréttu og er mjög dularfull um alla framkvæmd. Þó er víst að hljómlist verður við allra hæfi og fjöldasöngur í heiðri hafður. Miðasala verður meðal annars á haustfundinum 28. október.

## ÖSKJUR UTAN UM JÖKUL

Nokkrar fyrirspurnir hafa borist um öskjur utan um Jökul. Nú hefur verið kannað verð og fleira varðandi þessar umbúðir og verið að útbúa nokkrar öskjur til reynslu. Á kjölinn verður gyllt nafn tímaritsins og ártöl. Fjórar öskjur munu henta utan um Jökul fram til 1991 og er kostnaður um 900 kr (kr 220 /öskju). Einnig er möguleiki á að fá einungis gyllt nafn tímaritsins á kjölinn. Þeir sem hafa áhuga á að eignast öskjur utan um Jökul geta haft samband við Einar Gunnlaugsson, heimasími 671531.

### ÁRSHÁTIÐ JÖRFI 1987

Árshátíð JÖRFI 1987 verður í veitingahúsinu Norðurljós (við Þórskaffi) laugardaginn 7. nóvember 1987, og hefst klukkan 20:00. Húsið opnað klukkan 19:00.

Heiðurgestur: Sigurjón Rist

Fjölbreitt skemmtiefni, happadrætti, söngur og grín.

Miðar verða seldir á haustfundinum 28. október. Einnig hjá Ástvaldi, Rakarastofunni Dalbraut 1, símar 686312 og 77616, og hjá Jóni Sveinssyni, Raunvísindastofnun, símar 694778 og 72572.